

Fundargerð (55)

Fundur haldinn um fjarfundabúnað teams fimmtudaginn 2. júní 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir og Kristjana Guðlaugsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir
Frá Reykjavíkurborg; Raket Guðmundsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á teams.

1. **Skýrsla matshóps** fyrir maímánuð lá fyrir í gögnum fundarins og gerðu Kolbeinn og Bergþór grein fyrir henni. Sérstaklega var fjallað um að næsta skýrsla muni fela í sér samanburð mælikvarða yfir 12 mánaða tímabil og jafnframt muni fremsetningu hennar verða breytt til samræmis við umræður á vinnufundi ríkissáttasemjara með stýrihópi og matshópi 7. apríl sl. Umræður urðu um næstu skref og hvernig best er að nýta reynslu, skýrslur og verkfæri BVV til að fylgja innleiðingunni eftir á vettvangi einstakra launagreiðenda. Verða næstu skref í eftirfylgninni sett á dagskrá og tekin til umræðu í innleiðingarhópunum. Verkefnisstjóri og fulltrúar í verkefnastjórn verða til liðsinnis einstökum innleiðingarhópum, ef eftir því verður kallað.
2. **Fundargerð** síðasta fundar 19. maí 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins, var samþykkt.
3. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 2. júní 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi.
4. **Stöðuskýrslur innleiðingarhópa.** Engar skýrslur lágu fyrir til umræðu.
5. **Frumkvæðisathuganir.** Bára Hildur gerði grein fyrir minnisblaði, dags. 2. Júní 2022, um stöðu frumkvæðisathugana. Minnisblaðið lá fyrir í gögnum fundarins og fjallaði um stöðu frumkvæðisathugana hjá öllum launagreiðendum. Sérstaklega var rætt um frumkvæðisathugun hjá Landspítala, sem spítalinn annaðist sjálfur á grundvelli

skilgreininga og eyðublaða frá verkefnastjórn. Vinna Landspítalans talin traust og til mikillar fyrirmyndar og rætt hvernig nýta megi hana sem fyrirmynd fyrir aðra vinnustaði.

6. Önnur mál.

Næsti fundur verður fjarfundur á teams fimmtudaginn 23. júní kl. 14.30.

Fundi slitið kl. 15.45. Fundargerð er aðgengileg á teams.